



Íslandsmót kæna 2019

9. til 11. ágúst 2019

Siglingafélagið Ýmir



Tilkynning um keppni

1. Reglur

Keppt verður samkvæmt:

- Kappsiglingareglum World Sailing 2017-2020
- Kappsiglingareglum SÍL
- Kappsiglingafyrirmælum mótsins

2. Auglýsingar

- Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt World Sailing reglugerð 20 um auglýsingar
- Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa að sýna á bátum eða búnaði.

3. Þátttökuréttindi

Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt kappsiglingafyrirmælum SÍL. Stefnt er að keppa í eftirfarandi flokkum:

- Optimist A
- Optimist B
- Laser Standard
- Laser Radial
- Laser 4.7
- Topper Topaz
- Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL

Verði þátttakendur í einhverjum flokki færri en fimm verður sá flokkur hluti af opnum flokki eða samkvæmt ákvörðun keppnisstjóra.

4. Skráning

Skráningar berist til keppnisstjórnar fyrir 4. ágúst með því að fylla út þetta form <https://form.jotformeu.com/91882866747376>. Taka þarf fram nöfn keppenda, seglanúmer, bátategund og félag sem keppt er fyrir. Þó er hægt að skrá allt fram að skipstjórafundi, þá hækkar þáttökugjald.

5. Þáttökugjald

Þáttökugjald á hvern keppanda er 5000. Kr Gjaldið hækkar í kr. 7000 ef skráning berst eftir mánudaginn 5. ágúst. Gjald greiðist á reikning: 536 - 26- 6634 Kt. 470576-0659

Skrá/greiða verður aðstandendur sérstaklega í grillveislu á laugardegi. Hámark 2 fyrir hvern keppanda. Verð á mann 1200 kr.

6. Tímaáætlun

9. ágúst: Skipstjórafundur kl. 12.00. Fyrsta viðvörunarmerki kl. 13.00. Ekki verður ræst eftir kl. 19:30 (stefnt að 1-3 umferðum). Keppnisstjóri áskilur sér rétt til að frestunar ef tafir verða á að gestir utan af landi verði klárir á settum tíma.

10. ágúst: Skipstjórafundur 9.00. Fyrsta viðvörunarmerki 10.00. Ekki ræst eftir 16.30 (stefnt að 3-5 umferðum)

11. ágúst: Varadagur ef ekki hafa náðst 5 umferðir. Skipstjórafundur er kl 9.00, ekki ræst eftir kl. 14.00.

Áætlað er að ná minnst 5 umferðum og mest 10 umferðum.

7. Kappsiglingafyrirmæli

Siglingafyrirmæli verða birt á tilkynningatöflu á mótsstað og eða kynnt munnlega á skipstjórafundi.

8. Keppnissvæði

Kept verður á Skerjafirði og innfjörðum hans.

9. Keppnisbraut

Keppnisbrautir geta verið eftirfarandi: þríhyrningsbraut, þríhyrningsbraut með pylsu, beiting-lens-beiting braut, þríhyrningarbraut eða trapsubraut með eða án pylsu eða samkvæmt ákvörðun keppnisstjórnar. Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum eða á skipstjórafundi.

10. Stigakerfi

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóða-kappsiglingareglunum. Ef sigldar verða fimm umferðir, reiknast allar til stiga, en ef sigldar verða fleiri en fimm kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.

11. Verðlaun

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki.

12. Verðlaunaafhending

Verðlaunaafhending fer fram kl 18:00 á laugardeginum og grillið tekur við að lokinni verðlaunaafhendingu

13. Ábyrgð

Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð sbr reglu 4. í kappsiglingareglunum. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þátt í framkvæmd mótisins firra sig allri ábyrgð gagnvart tjóni sem kann að verða vegna þátttöku í mótinu.

14. Þjálfara- og öryggisbátar

Óskað er eftir að félög sem senda keppendur yngri en 18. ára til keppni leggi til a.m.k. einn öryggisbát. Þjálfara- og öryggisbátar skulu halda sér utan brautar og mega ekki hafa samskipti við keppendur nema í neyðartilvikum meðan á keppni stendur. Sama gildir um farsíma.

15. Hagsmunaárekstrar.

Keppnin er haldin af Siglingafélaginu Ými. Ákvarðanir keppnisstjóra/keppnisstjórnar eru kærarlegar ef einhver telur ákvarðanir keppnisstjóra/keppnisstjórnar gagnist keppendum í Siglingafélaginu Ými fremur en öðrum keppendum.

16. Vindskilyrði sem keppt verður við.

Miðað er við að keppnir fari fram í vindi á bilinu 2 m/sek til 12m/sek. Keppnisstjóri áskilur sér rétt til að ræsa ekki keppni ef skyggni er óviðunandi sökum þoku eða annars.

17. Notkun dróna á keppnisvæði er bönnuð nema með leyfi keppnisstjóra.

18. Opið hús verður í félagsheimili Ýmis eftir keppnisdaga: myndir og veitingar.

Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar fást hjá Aðalsteini með tölvupósti á adalsteinn@lyfja.is eða keppni@siglingafelag.is eða síma 693 2221